

Skólaráðsfundur 4. Júní

Mætt voru:

Dagný Annasdóttir, skólastjóri

Gerður Aagot Árnadóttir, móðir,

Íris Tebé Kristjánsdóttir, móðir

Heiðrún Eva Gunnarsdóttir, nemandi í 10. bekk

Karen Alda Mikaeladóttir, nemandi í 9. bekk

Auðar Ásgeirsdóttur, heimilisfræðikennari

Hansína Skúladóttir, ráðgjafarþroskaþjálfari

Kristinn Jónsson, kennari

Vorhátíð

Dagný kynnti dagskrá vorhátíðar sem haldin verður laugardaginn 6. Júní. Meðal annars mun töframaður koma í heimsókn og hægt verður að fara á hestbak.

Útskrift

Sagt var frá útskrift, sem verður þriðjudaginn 9. Júní. Heiðrún Eva bauðst til að halda ræðu við útskriftina fyrir hönd nemenda og var það þegið.

Vestmannaeyjaferð 10. Bekkjar

Rætt var um mjög vel heppnaða útskriftarferð 10. bekkjar til Vestmannaeyja. Gerður sagði að hennar sonur hefði verið mjög ánægður og Heiðrún Eva sagði okkur skilmerkilega frá öllu því skemmtilega sem gert var.

Næsti vetur

Dagný kynnti áform um að vera með heimilisfræðikennslu í öllum bekkjum en hingað til hefur heimilisfræðin hafist í 6. bekk. Þá greindi hún frá því að líklega

myndi nemendum fækka um 8 næsta vetur, 18 nemendur eru að útskrifast og 10 nemendur hafa sótt um skólavist.

Önnur mál

Gerður Aagot þakkaði fyrir gott samstarf í 10 ár, fyrir sína hönd og sonar síns og skólastjóri þakkaði henni fyrir hennar mikla og óeigingjarna starf í þágu skólans og nemenda hans í þennan áratug.

Karen, fulltrúi nemenda í skólaráði, bað um orðið í lokin og flutti okkur óskir bekkjarfélaga hennar en þau höfðu setið á fundi um það sem betur mætti fara í skólanum. Það sem þau vildu að skólastjórn tæki til athugunar var:

1. Að lagt yrði gervigras á fótboltavöllinn.
2. Að skólinn myndi kaupa örbylgjuofn og grill sem nemendur hefðu aðgang að.
3. Að boðið yrði upp á böll í félagsstarfinu.

Fundarritari

Kristinn Jónsson